

Minjasafnið á Akureyri og Iðnaðarsafnsins á Akureyri – samrekstur

– drög að tillögu

Í safnastefnu Akureyrarbæjar lýsa bæjaryfirvöld því yfir að meira verði lagt af mörkum til varðveislu og skráningar iðnaðarsögu bæjarins og að skoðaðir verði kostir þess að sameina Iðnaðarsafnið og Minjasafnið:

„Kannaður verður fýsileiki þess að Iðnaðarsafnið verði hluti af sameinuðu sögu- og minjasafni. Verði það [sögu- og minjasafnið] ekki að veruleika verða skoðaðir kostir þess að það sameinist Minjasafninu á Akureyri. Markmiðið er vernda einstaka iðnaðar- og atvinnusögu Akureyrar sem Iðnaðarsafnið hefur haldið utan um og miðlað. Mikilvægt er að Akureyrarbær styðji við varðveislu og sýnileika þessarar sögu til framtíðar með auknum framlögum til starfseminnar.“

Kostir og gallar hafa verið kannaðir og framhaldi af því er lögð fram eftirfarandi tillaga.

Tillaga

Lagt er til að Minjasafnið taki að sér rekstur Iðnaðarsafnsins. Helstu rökin fyrir því eru þessi:

- Stöðu Iðnaðarsafnsins sem viðurkennds safns er ógnað og örugg leið til að tryggja þá stöðu er að Minjasafnið taki að sér reksturinn.
- Akureyrarbær hefur verið sá aðili sem lagt hefur fram mestan beinan stuðning við rekstur Iðnaðarsafnsins. Frá árinu 2010 hefur sá stuðningur numið um 91 m.kr. miðað við verðlag hvers árs (húsaleiga 64 m.kr., rekstrarkostnaður 5,6 m.kr og bein framlög 21,2 m.kr.).
- Akureyrarbær er stofnaðili að Minjasafninu og leggur í samræmi við íbúafjölda mest til reksturs þess skv. þjónustusamningi, á yfirstandandi ári um 67,5 m.kr.. Með því er stutt við skráningu og varðveislu héraðssögunnar. Með þessu fjárfestir Akureyrarbær í fagþekkingu á sviði minjaverndar sem nýtist í öðrum verkefnum sem bærinn sinnir á því sviði. Safnið er meginsafn á sviði minjaverndar á svæðinu.
- Með því að Minjasafnið taki að sér rekstur Iðnaðarsafnsins nýtist þessi fjárfesting í fagfólki og þekkingu mun betur en ef Iðnaðarsafnið verður áfram rekið sem sér eining.
- Akureyrarbær hefur nú þegar góða reynslu af þjónustusamningum við Minjasafnið um rekstur Nonnahúss og Davíðshúss. Safnið er ráðgefandi fyrir Akureyrarbæ í minjavernd og húsvernd.
- Rekstur Iðnaðarsafnsins breytist frá því að vera starfsemi með einn starfsmann á launum yfir í að verða teymisverkefni.
- Minjasafnið annast skráningu og varðveislu héraðssögu Eyjafjarðar og iðnaðarsaga Akureyrar er afar veigamikill hluti þeirrar sögu. Með tilkomu Iðnaðarsafnsins á sínum tíma hætti Minjasafnið skráningu iðnaðarsögunnar að mestu. Þótt í byrjun hafi verið skynsamlegt að hafa sérrekið og sjálfstætt safn um iðnaðarsöguna, safn sem sannarlega hefur lyft grettistaki, þá er ekki augljóst að svo verði um alla framtíð. Frá sjónarhóli Akureyrarbæjar sem leggur mest til starfsemi beggja safna má spyrja: Hvers vegna skyldi skráning og varðveisla þessarar sögu ekki vera á einni hendi?
- Kostir sameiningar vega vafalítið mun þyngra en mögulegir gallar, svo sem að hugsanlega verði Hollvinir Iðnaðarsafnsins ekki reiðubúnir að leggja til vinnu og þekkingu eftir

sameiningu, að opnunartími skerðist, að rekstrarkostnaður aukist (sem er um leið forsenda framfara) og að dýrara verði fyrir Minjasafnið að halda úti safnastarfi í mörgum byggingum.

Framkvæmd

- Gert verði samkomulag milli stofnaðila Iðnaðarsafnsins, sem eru Akureyrarbær, Eining-löja, Byggið - félag byggingamanna og Hollvinafélag Iðnaðarsafnsins, um að Akureyrarbær annist gerð þjónustusamnings við Minjasafnið um rekstur Iðnaðarsafnsins. Með þessu móti þarf ekki að slíta sjálfseignarstofnuninni eða afhenda hana öðrum.
- Gerður verði þjónustusamningur milli Akureyrarbæjar og Minjasafnsins um rekstur Iðnaðarsafnsins til 3ja ára. Með þessu móti þarf ekki að ráðast í breytingar á stofnskrá Minjasafnsins vegna reksturs Iðnaðarsafnsins. Stjórn Minjasafnsins starfar sem stjórn Iðnaðarsafnsins á samningstímanum. Helstu verkefni og markmið samningsins verði að:
 - tryggja stöðu Iðnaðarsafnsins sem viðurkennds safns
 - tryggja áframhaldandi verndun og skráningu iðnaðarsögunnar
 - tryggja samfellu í starfsemi, öruggan rekstur og varðveislu safngripa
 - fyrsta árið verði nýtt til að starfsfólk Minjasafnsins kynnist eiginleikum, samsetningu og styrkleikum og veikleikum Iðnaðarsafnsins af eigin raun
 - starfsemi safnanna verði samþætt, starfsmannateymi Minjasafnsins verði stækkað og að sérfræðingar þess komi strax að rekstri og sýningarhaldi Iðnaðarsafnsins
 - fagþekking og reynsla starfsmanna Minjasafnsins verði nýtt í þágu Iðnaðarsafnsins t.a.m. í markaðs- og kynningarmálum sem verði að fullu sameiginleg, í fræðslumálum og í umsóknum um styrki til starfseminnar
 - opnunartími Iðnaðarsafnsins verði reglulegur og samstilltur opnunartíma annarra eininga Minjasafnsins, opið verði allar helgar
 - greining á þörf og aðsóknarmunstri fari fram samhliða á fyrsta ári samnings
 - næsta ljósmyndasýning Minjasafnsins verði „Iðnaðarbærinn Akureyri“
 - ekki verði breyting á fyrirkomulagi rekstrar eikarbátsins Húna II sem sérstakt hollvinafélag er um
 - að loknu fyrsta ári verið lagt mat á hvort endurskoða eigi söfnunarstefnu Iðnaðarsafnsins
 - á fyrsta ári samnings verði lokið við sameiginlega úttekt á geymslumálum safnanna og húsnæðismálum þeirra í heild (sem hvort tveggja eru verkefni í safnastefnu bæjarins)
 - að loknu fyrsta ári verði lagt mat á hvort Iðnaðarsafnið verði áfram til sem sérstök sjálfseignarstofnun eða hvort það verði að fullu sameinað Minjasafninu með tilheyrandi breytingum á samþykktum og söfnunarstefnu þess síðarnefnda

Stefnt verði að því að þjónustusamningur um rekstur Iðnaðarsafnsins gildi frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2026.